

Alþingi
 Erindi nr. P 118/1112
 komudagur 14/2 1995

SÍMBRÉF

Viðtakandi: _____

Dagsetn.: 13/2 '95

Sigríður Anna Þórsdóttir

Alþingi

Fjöldi bls.: 3

Bréfasími: 630750

Sendandi: Guðrún Srefna Guðmundsdóttir

Erindi: _____

Meðf. eru upplýsingar um valgreinar
 í grunnskólum skólaárið 1994-95
 skv. beiðni menntamála nefndar.

Ef símbréfið hefur mistekist á einhvern hátt, vinsamlegast látið vita strax.

Valgreinar í grunnskólum skólaárið 1994-1995

Um miðjan desember sendi menntamálaráðuneytið bréf til allra fræðslustjóra þar sem óskað var eftir upplýsingum um valgreinar í grunnskólum skólaárið 1994-95.

Skilafrestur var til 10. janúar.

Ráðuneytinu hafa borist upplýsingar frá fimm fræðsluumdæmum af átta, þ.e. frá Reykjanesi, Vesturlandi, Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi. Upplýsingar hafa ekki borist frá Reykjavík, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra.

Eftirfarandi listi sýnir þær 23 valgreinar sem fá yfir 500 stundir á ári. Algengast er að hver valgrein fái um 2 stundir á viku. Fjöldi stunda á viku í tölvufræðslu er nokkuð misvísandi og stafar það af því að í einhverjum skólum er tölvufræðsla kennd á námskeiðum. Í raun má reikna með um 2 stundum á viku í tölvufræðslu.

Heildarfjöldi nemenda er ekki reiknaður þar sem gera má ráð fyrir að hver nemandi, a.m.k. í 10. bekk, sé í þremur til fjórum valgreinum.

Alls eru um 66 valgreinar kenndar í fræðsluumdæmunum fimm og er heildarstundafjöldi 63059.

Valgrein	Fjöldi nem.	Fjöldi nem.	Fjöldi nem.	Fjöldi	Viki	Stundir
	í 8. bekk	í 9. bekk	í 10. bekk	hópa	st.	á ári
1. Tölvufr.	91	251	1188	302	1	8490
2. Smíði	152	365	518	114	2	7279
3. Heimilisfr.	24	142	561	71	2	4876
4. Hannyrðir	108	241	348	75	3	4795
5. Vélritun	49	265	851	82	1.5	4469
6. Myndmennt	50	140	503	55	2	3650
7. Þýska		15	641	42	2.5	3258
8. Líffræði		70	816	41	2	2686
9. Bókfærsla	12	54	505	38	2	2473
10. Íþróttfr.	3	76	408	34	2	2049
11. Eðlisfræði		64	443	30	2	1908
12. Saga		69	565	30	2	1638
13. Samfélgr.	3	19	301	18	3	1554
14. Landfræði		76	485	28	2	1541
15. Stærðfræði	9	10	391	27	1.5	1319
16. Starfsfr.	12	32	254	23	1	992
17. Siglingafr.		10	55	7	4	812
18. Íslenska	9	10	253	16	1.5	761
19. Franska			101	7	2.5	558
20. Heilsuefl.		41		3	6	558
21. Tækniteikn.		9	112	9	2	546
22. Tónmennt	11	44	90	10	2	542
23. Umferðarfr.		23	193	12	1.5	506
Stundir samtals						57260

Þær valgreinar sem á eftir fara fá 20 til 496 stundir á ári eða 5799 stundir af 63059 (tæp 11%).

Bókband, danska, efnafræði, enska, félagsmálafræðsla, fjármálafræðsla, fjölmiðlun, föndur, framsögn, grunnteiknun, heimanám, heimspeki, kristin fræði, leiðsögn, leiklist, lífið og tilveran, ljósmyndun, myndbandagerð, námstækni, náttúrufræði, ræðumennska, raftækni, raungreinar, sjálfsmennska, sjávarútvegsbraut, sjóvinna, skólablað, skrautskrift, skyndihjálp, slysavarnir, smíðja, snyrting, stjörnufræði, umhverfisfræðsla, vélfræði, vettvangsfræðsla og vinnutími.